

Skólaráðsfundur 24. maí 2012 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:10

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir varamaður fulltrúa starfsmanna, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins og Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara.

Forföll boðaði: Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara

Fundur skólaráðs verður haldinn fimmtudaginn 24.maí kl. 15:00 í Setrinu (bókasafni).

Dagskrá fundarins:

1. Skipulag næsta vetrar

760 börn verða í skólanum sem er fjölgun um 35 nemendur. 34 umsjónarbekkir verða og námsver verða áfram, e-ð verður endurskoðað með námsver þegar sérkennslustefna bæjarins verður tilbúið, bæta þarf við e-ð af kennurum eða hækka þá sem eru í 80% í 100%.

2. Viðbótarhúsnæði

Stofur vantar á skólalóði, bæta þarf við 2 stofum á skólalóðinni sem fara trúlega á svæðið sem er austast á skólalóðinni næst Hulduhlíð, kannski fáum við líka hús Tónlistaskólaskólans til umráða.

3. Niðurstöður kannana

Farið yfir niðurstöðum úr foreldra- og nemendakönnunum með glærुकynningu og umræður um einstök mál rædd samhliða kynningunni.

Þau atriði sem skólinn telur brýnast að vinna með verða tekin út og gerð sérstök úrbótaráætlun til að vinna út frá næsta skólaár.

4. Fundartími og fundartíðni næsta skólaár

Umboð Hreiðars og Ólínu hefur verið endurnýjað til áframhaldandi setu í Skólaráði og Pétur verður áfram fyrir grenndarsamfélagið.

Funda verður á 6.vikna fresti en oftast ef þurfa þykir og hentar þessi fundartími og dagur áfram.

5. Önnur mál

-Umferð: verið er að athuga með „dropp off“ aðrein norðanmegin við húsið.

-Foreldrafélagið hefur styrkt skólann með gjöfum og styrkjum t.d. í formi rútu á leiksýningar, handbækur á safn, spil, upptökutæki, I-Pod, dúkkuverkefni í 10.b., styrkur fyrir 7.bekk á Úlfjótsvatn næsta haust og fleira. Skólaráð þakkar foreldrafélaginu kærlega fyrir góðar gjafir.

-Spurning frá fulltrúa nemenda um það hvort hægt sé að setja grindverk í kringum körfuboltavöllinn þar sem nemendur hlaupi oft inn á hann og eru fyrir þeim sem eru að spila.

Fundi slitið 16:20